



Siðfræðistofnun Háskóla Íslands

25. febrúar 2013.

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi
Reykjavík

Umsögn um 570. mál, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

Siðfræðistofnun gerir ekki athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins en bendir á eftirfarandi atriði:

Með frumvarpinu er verið að festa í enn frekar sessi þá afdrifaríku hugmynd að veiðiheimildir geti í reynd tekið á sig form og eðli markaðsvöru eða fjármálaafurða og séu ígildi einkaeignar. Erfitt er að sjá hvernig það fyrirkomulag mun samrýmast því meginmarkmiði frumvarpsins „að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi”.

Fiskveiðar og fiskveiðistjórnun eru nátengd íslenskri menningu og samfélagsgerð. Löngu er orðið tímabært að skoða íslenska fiskveiðistjórnun ofan í kjölinn í þessu tilliti og gera grein fyrir samfélagslegum áhrifum hennar. Einnig er brýnt að skoða íslenska fiskveiðistefnu í ljósi áhrifa hennar á þróun valds og lýðræðis á Íslandi, en kerfi framseljanlegra aflaheimilda hefur gjarnan í för með sér að þær safnast á fárra manna hendur.

Siðfræðistofnun bendir einnig á mikilvægi þess að skoðað sé vandlega hvernig þetta nýja frumvarp mætir athugasemd Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um innköllun aflaheimilda og endurúthlutun á sanngjarnan og réttlátan hátt.

Loks bendir Siðfræðistofnun á að skoða þurfi gaumgæfilega hvernig ákvæði í þessu frumvarpi samrýmast frumvarpi til laga um nýja stjórnarskrá sem nú er til umfjöllunar á Alþingi.

Siðfræðistofnun telur því þörf á sérstakri úttekt þar sem þessi atriði eru könnuð ítarlega. Áður en þessum spurningum hefur verið svarað er ekki hægt að fullyrða að frumvarpið muni „stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi”.

Vilhjálmur Árnason

(sign)

formaður stjórnar Siðfræðistofnunar